

KRISTIN ÍHUGUN OG BÆN - ANDLEG IÐKUN KIRKJUNNAR

í Glerárkirkju í febrúar á miðvikudögum kl. 20-22

Kristin íhugun hefur verið stunduð um aldir. Til eru ýmsar aðferðir og verða nokkrar þeirra kynntar. Íhugun er andleg heilsurækt og þáttur í trúarlegri uppbyggingu kristins fólks í erli dagsins. Sjá <http://kristinihugun.is/>

Byrjað er á kynningu, þá er kaffi og umræður og að lokum íhugun.
Kvöldin eru öllum opin og kosta ekkert.

Miðvikudaginn 5. febrúar



Sr. Gunnlaugur Garðarson, sóknarprestur í Glerárkirkju. Hann hefur kynnt sér bænahefð og helgihald Rétttrúnaðarkirkjunnar. Hann hefur dvalið um lengri og skemmti tíma í klaustrum þeirra.

Bæn hjartans – Jesúbænin. Íhugunar og bænahefð Rétttrúnaðarkirkjunnar.

Miðvikudaginn 12. febrúar



Sr. Vigfús Ingvar Ingvarsson, fyrrum sóknarprestur á Egilsstöðum. Á síðastliðnu ári skrifaði hann mastersritgerð um bænahefð Loyola, reglu Jessúita. Hann hefur í starfi sínu lagt áherslu á andlega iðkun. Íhugun og andlega fylgd samkvæmt hefð Ignatiusar Loyola en Nonni (Jón Sveinsson) var af reglu hans.

Miðvikudaginn 19. febrúar



Sr. Hjalti Porkelsson, prestur Kaþólsku kirkjunni á Akureyri. Prestar Kaþólsku kirkjunnar og reglufólk biðja daglega tíðabærnir á ákveðnum tíma dags, hver fyrir sig eða saman þar sem það hentar.

Tíðabærnir, daglegar bænir kirkjunnar.

Miðvikudaginn 26. febrúar



Sr. Guðrún Eggerts Þóttir er sjúkrahúsprestur og hefur iðkað Kyrrðarbænina undanfarin ár. Hún hefur tekið þátt í fræðslu og kyrrðardögum heima og erlendis og leitt vikulegan Kyrrðarbænahóp á Akureyri undanfarin sex ár.

Kyrrðarbæn. Um að játast nærveru Guðs og eiga við hann samfélag í djúpri kyrrð.